

Ársskýrsla Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins 2007

Nýrri menntaáætlun Evrópusambandsins var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2007 til næstu sjö ára. Með henni er fyrrum Sókrates menntaáætlun og Leónardó starfsmenntaáætlun steipt saman í eina áætlun. Menntamálaráðuneytið fól Háskóla Íslands að reka landskrifstofu menntaáætlunarinnar á grundvelli reynslu af fyrri áætlunum. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands skipta með sér verkum og njóta þjónustu miðlægrar stjórnsýslu við framkvæmdina.

Menntamálaráðuneytið skipaði Landskrifstofunni stjórn eftir tilnefningar frá hagsmunaaðilum. Í stjórn skrifstofunnar sitja: Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri menntamálaráðuneyti, sem er formaður án tilnefningar, Anna Kristín Ólafsdóttir var tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins en hætti undir lok árs 2007 og við tók varamaður hennar Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir, Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af samtökum atvinnulífsins, Guðrún Pétursdóttir tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Halldór Grönvold tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Hjördís Jónsdóttir tilnefnd af nemendum, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir tilnefnd af Leikn, samtökum fullorðinsfræðslu á Íslandi og Ólafur Örn Arnbjörnsson tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Opnunarhátíð, þar sem nýja áætlunin var hleypt af stokkunum var haldinn í Borgarleikhúsinu 1. febrúar. Um 200 manns sóttu hátíðina. Meðal dagskrárliða voru opnunarávarp menntamálaráðherra, erindi fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, kynnt var nýtt fyrirkomulag að Landskrifstofu áætlunarinnar hér á landi, auk þess sem víðtæk kynning var á áætluninni sem heild og öllum undiráætlunum hennar. Þá var viðamikil sýning á verkefnum sem unnin hafa verið á umliðnum árum og menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir opnaði nýja heimasíðu www.lme.is.

Víðtækt kynningarstarf fór fram á menntaáætluninni á árinu. Gefið var út nýtt kynningarefni, auk heimasíðu, og haldnir voru fundir víða um land, ýmist fundir ætlaðir öllum markhópum áætlunarinnar eða einstökum markhópum eða skólastigum.

Umsóknarfrestir um styrki í menntaáætlunina voru í marsmánuði. Talsverð umfram eftirspurn var eftir styrkjum bæði hvað varðar fjölda umsókna og upphæðir eins og taflan ber með sér. Fjöldi einstaklinga sem tengjast einstökum verkefnum er mjög mismikill; í sumum tilfellum er um einstaklingsstyrki að ræða, en í öðrum taka heilir bekkir eða jafnvel skólar þátt. Áætlun um fjölda einstaklinga sem njóta góðs af styrkjum áætlunarinnar er mjög varkár.

	Fjöldi umsókna	Upphæð sótt um	Styrkt verkefni	Fjöldi einstakl.	Fjárhæð til ráðstöfunar	umsóknarhlutfall	Úthlutað 15.feb.08
Samtals	691	4.002.341 €	473	2181	2.453.963 €	163%	2.433.650 €
Comenius	161	935.620 €	121	1.513	566.877 €	165%	566.777 €
Erasmus	465	1.084.657 €	304	304	727.589 €	149%	713.970 €
Grundtvig	23	133.700 €	14	59	65.350 €	205%	65.350 €
Leonardo	42	1.848.364 €	34	301	1.094.147 €	169%	1.087.553 €
Study Visits	9	12.316 €	4	4	5.474 €	225%	5.474 €

Allar umsóknir voru metnar af óháðum matsmönnum í samræmi við fyrirmæli framkvæmdastjórnar ESB. Þá voru fjórar matsnefndir skipaðar stjórnarmönnum eða varamönnum, sem gerðu tillögur að úthlutunum byggðum á mati matsmanna. Endanleg ákvörðun um úthlutun liggur síðan hjá forstöðumönnum skrifstofunnar, Karítasi Kvaran og Ágústi H. Ingbórssyni.

Haldnir voru þrjár stjórnarfundir Landskrifstofunnar 2007: 20. mars, 15. maí og 18. september. Starfsmenn landskrifstofunnar sóttu fundi landskrifstofa í Evrópu þar sem fjallað var um málefni einstakra undirráætlana, auk þess sem haldnir eru fundir með forstöðumönnum og þeim sem sjá um upplýsingatæknimál og fjármál.

Á landskrifstofunni voru árið 2007 8.6 ársverk og er þá ekki talinn með vinna miðlægrar stjórnarsýslu í bókhaldi, starfsmannamálum og við rekstur tölvukerfis. Heildarkostnaður við reksturinn var 71 m.kr. Framlag framkvæmdastjórnar ESB var 29 m.kr., menntamálaráðuneytisins 23 m.kr., og Háskóla Íslands 19 m.kr.

Auk hefðbundinna verkefna við móttöku umsókna, úthlutun styrkja, gerð samninga og eftirlit og eftirfylgni með verkefnum, sinnir landskrifstofan margvíslegum verkefnum. Þannig leiddi skrifstofan einn af fimm vinnuhópum landskrifstofa þar sem tilraunaverkefni sem styrkt voru af fyrri Leonardó starfsmenntaáætlun voru leidd saman til að miðla reynslu sinni og kynna niðurstöður fyrir viðkomandi markhóp. Haldnar voru tvær mjög vel heppnaðar ráðstefnur: Sú fyrri í Ljubljana í Slóveníu í maí um sjónarhorn notenda í náms- og starfsráðgjöf. Sú seinn í Reykjavík í október um kennslu og innleiðingu frumkvæðafærða í starfsmenntun. Yfir eitt hundrað þátttakendur voru á hvorri ráðstefnu, auk þess sem haldnar voru eftirfylgniráðstefnu í 10 samstarfslöndum.

Þá var haldið upp á 20 ára afmæli Erasmus áætlunarinnar í Evrópu á árinu. Hér á landi var haldin afmælishátíð og ritgerðarsamkeppni meðal stúdenta sem höfðu tekið þátt í Erasmus stúdentaskiptum. Afmælishátíðin var haldin í samstarfi við European Student Network 18. október og var hún opin öllum stúdentum. Fyrstu verðlaun í ritgerðarsamkeppninni hlaut Ása Helga Hjörleifsdóttir fyrrum Erasmus stúdent í París.

Loks var haldin ráðstefna um áhrif og ávinning af evrópsku menntasamstarfi í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands 4. desember 2007 og sóttu um 100 manns ráðstefnuna. Þar voru kynnt ýmis verkefni og sagðar reynslusögur af þátttöku í verkefnum. Greint var frá úttektum sem gerðar hafa verið á fyrrum Sókrates og Leonardó áætlunum sem eru forverar nýju áætlunarinnar og eru þær úttektir mjög jákvæðar.

Á heildina gekk innleiðing á nýrri menntaáætlun vel á árinu 2007. Áætluninni var ýtt úr vör með glæsibrag, kynningar gengu vel og kom mikill fjöldi góðra umsókna þannig að unnt var að nýta allt það fjármagn í styrki sem Ísland fékk til ráðstöfunar. Landskrifstofan var vik í evrópsku samstarfi og tryggir það að hún er í stakk búin til að aðstoða íslenskt menntasamfélag við að nýta þau tækifæri sem felast í evrópskri samvinnu.